

# PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

## I. HLUTI

Próflað 1 af 2

Prófnúmer próftaka: .....

Námsgrein til prófs:

Veðréttur (25%) og þinglýsingar (15%)

**ATH. Prófið er tvískipt: Sjá sérstök próflöð vegna viðskiptabréfareglur (60%).**

Prófdagur:

6. nóvember 2010

Kl.: 09:00 – 13:00

Úrlausnartími:

4 klst.

Próflöð:

3 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn:

Lög og reglugerðir

Fylgiblöð:

.....

**Leiðbeiningar:** Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvísvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfiðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

## ÞINGLÝSINGAR (15%)

1. Eftirfarandi skjölum var þinglýst á tiltekna fasteign. Raðið skjölunum í forgangs röð þannig að það skjal sem fremst gengur sé nr. 1 o.s.frv. (5%)

- a. Fjárnám gert í eigninni 20. október 2010, kl. 9:35, barst til þinglýsingar sama dag kl. 13:12.
- b. Veðskuldabréf, dags. 19. ágúst 2010, barst til þinglýsingar 20. október sama ár kl. 10:25.
- c. Fjárnám gert í eigninni 13. september 2010, barst til þinglýsingar 20. október s.á. kl. 11:17.
- d. Fjárnám gert í eigninni 19. október 2010, kl. 11:45, barst til þinglýsingar sama dag kl. 11:53.

2. Svarið eftirtöldum fullyrðingum. Tvö og hálf stig eru gefin fyrir rétt svar, eitt og hálf stig er dregið frá fyrir vitlaust svar, en ekkert er gefið eða dregið frá ef ekki er svarað. Aðeins einn valmöguleiki er réttur. (10%)

a) A sem hafði gert kaupsamning um fasteignina Bárðargötu 12 óskaði eftir því að á eignina yrði þinglýst veðskuldabréfi, án þess að hafa fengið til þess samþykki B sem var seljandi eignarinnar. Þinglýsingastjóri vísaði skjalinu frá þinglýsingu þar sem samþykki B sem seljanda og afsalshafa vantaði. Þessi úrlausn þinglýsingastjóra er rétt.

Rétt

Rangt

b) Ef tvö skjöl sem kveða á um ósamrýmanleg réttindi berast til þinglýsingar sama dag þá skal þinglýsa þeim með athugasemd.

Rétt

Rangt

c) Sé fasteign verulega illa farin getur bygginganefnd viðkomandi sveitarfélags ákveðið að óska þinglýsingar á yfirlýsingu byggingarfulltrúa á eignina til að vara væntanlega leigjendur eða kaupendur við slæmu ástandi hennar, enda hafi eiganda hennar gefist kostur á að koma sínum sjónarmiðum að við nefndina.

Rétt

Rangt

d) Í áreiðanleika þinglýsingabóka á jákvæða vísu felst m.a. að þau réttindi sem ekki er getið í þinglýsingabókum séu ekki til staðar.

Rétt

Rangt

## **VEÐRÉTTUR (25%)**

1. Gerið grein fyrir því hvort, og þá að hversu miklu leyti, veðsetningar á heildarsöfnum muna eru heimilar samkvæmt lögum um sanningsveð nr. 75/1997. (12,5%)
2. Gerið grein fyrir svokallaðri tilgreiningarreglu íslensks veðréttar. (12,5%)